

FOSSAR MARKAÐIR HF.

REGLUR UM VIÐSKIPTI STARFSMANNA VIÐ FOSSA MARKAÐI HF.

1. Lagagrundvöllur, markmið og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (ffl.) og í samræmi við reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila (reglur FME).
- 1.2. Markmið þessara reglna er að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum í starfsemi Fossa markaða hf. (hér eftir „Fossar“) og að tryggja óháða stöðu þeirra aðila sem reglurnar taka til.
- 1.3. Reglur þessar gilda um viðskipti starfsmanna við Fossa, n.t.t. daglegra starfsmanna, lykilstarfsmanna, forstjóra og eftir atvikum náninna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá. Um viðskipti stjórnarmanna við Fossa fer eftir starfsreglum stjórnar.
- 1.4. Með viðskiptum er m.a. átt við lánsbeiðni, beiðni um viðskipti með fjármálagerninga, gerð samnings um eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf eða samning um aðra þjónustu sem Fossar veita. Ekki er um tæmandi talningu að ræða

2. Viðskipti starfsmanna við Fossa

- 2.1. Viðskipti daglegra starfsmanna skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.
- 2.2. Fossum er heimilt að veita starfsmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg við bestu kjör viðskiptamanna Fossa. Kjör starfsmanna koma fram í gjaldskrá starfsmanna sem skal vera hluti af handbók starfsmanna.
- 2.3. Um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga fer eftir ákvæðum reglna Fossa um eigin viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga.

3. Viðskipti forstjóra og lykilstarfsmanna við Fossa

- 3.1. Samningar Fossa við forstjóra, náninna fjölskyldumeðlima hans og aðila í nánnum tengslum við hann um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti eru háð samþykki stjórnar Fossa.
- 3.2. Bóka skal ákvörðun um viðskipti skv. grein 3.1. í gerðabók stjórnar og tilkynna skal um ákvörðun til FME skv. 1. mgr. 57. gr. ffl.
- 3.3. Forstjóri og lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila og aðilar í nánnum tengslum við þá skulu ekki njóta sérstakra kjara umfram það sem öðrum viðskiptavinum býðst í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 2.2.
- 3.4. Samtala heildarfyrirgreiðslna til forstjóra, lykilstarfsmanna, náninna fjölskyldumeðlima þeirra

eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda aðila má hæst vera 200 millj. kr. að teknu tilliti til 30. gr. ffl. um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum, sbr. 2. mgr. 29. gr. a. ffl.

- 3.5. Fyrirgreiðsla til forstjóra, lykilstarfsmanna, nánna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá skal eingöngu veitt gegn traustum tryggingum í samræmi við reglur FME. Þrátt fyrir framangreint má samtala fyrirgreiðslna til hvers og eins aðila og nánna fjölskyldumeðlima hans og aðila í nánnum tengslum við þá án trygginga vera að hámarki 20 millj. kr. En fyrirgreiðsla til sérhvers aðila án trygginga má þó ekki vera hærri en 5 millj. kr.
- 3.6. Með fyrirgreiðslu er átt við við lánveitingu, verðbréfaeign, eignarhluti, veittar ábyrgðir Fossa, afleiðusamninga og aðrar skuldbindingar gagnvart Fossum eða lánveitingu til þriðja aðila með tryggingu í fjármálagerningum útgefnum af einum eða fleiri aðilum sem eiga virkan eignarhlut í því.
- 3.7. Með nánnum fjölskyldumeðlimum er átt við maka forstjóra/lykilstarfsmanns eða sambúðarmaka, börn þessara aðila, börn maka eða sambúðarmaka og aðila sem eru fjárhagslega háðir þessum aðilum eða telja má að þeir verði fyrir áhrifum af ákvörðun þeirra.
- 3.8. Um það hverjir teljast vera í nánnum tengslum við forstjóra/lykilstarfsmann vísast til skilgreiningar á nánnum tengslum í reglum FME.
- 3.9. Um það hver telst lykilstarfsmaður í skilningi reglnanna fer samkvæmt reglum Fossa um mat á hæfi stjórnar, forstjóra og lykilstarfsmanna.

4. Framkvæmd viðskipta starfsmanna

- 4.1. Starfsmanni Fossa er óheimilt að framkvæma eða koma að afgreiðslu viðskipta fyrir eigin hönd eða aðila í nánnum tengslum við sig.

5. Viðurlög

- 5.1. Telji regluvörður að viðskipti samkvæmt reglum þessum kunni að brjóta í bága við lög eða verklagsreglur félagsins skal hann grípa til viðeigandi ráðstafana. Slík brot geta varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi.

6. Gildistaka og birting

- 6.1. Reglurnar taka gildi við undirritun stjórnar. Samhliða falla úr gildi ákvæði sama efnis í reglum Fossa um fjárfestavernd og viðskiptahætti.
- 6.2. Reglur þessar skal birta á heimasíðu Fossa í samræmi við 2. mgr. 57. gr. ffl.

Samþykkt af stjórn Fossa markaða hf. hinn 11. febrúar 2022.